

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/115*  
*komudagur 13.11.2006*

## Búfræðsluráð

Reykjavík, 10. nóvember 2006

Landbúnaðarnefnd Alþingis,  
c/o Elísabet Rán Andrésdóttir, nefndarritari  
Alþingi,  
150 Reykjavík

Búfræðsluráði hefur borist erindi landbúnaðarnefndar þar sem óskað er eftir umsögn ráðsins um frumvarp til laga um breytingar á búfræðslulögum nr. 57/1999.

Á fundi Búfræðsluráðs 7. nóvember s.l. var fjallað um efni frumvarpsins og samþykkt að leggja til eftirfarandi breytingar:

6. gr. laganna orðist svo:

Menntastofnunum landbúnaðarins ber að hafa í starfi sínu samstarf við aðra skóla og vísindastofnanir hér á landi og erlendis um menntun og rannsóknir. Um þetta er heimilt að gera sérstaka samninga. Einnig skulu menntastofnanir landbúnaðarins gera með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu námsþátta. Þær skulu hafa með sér samstarf til að nýta sem best tiltæka starfskrafta og gagnakost og stuðla með hagkvæmum hætti að fjölbreyttri háskólamenntun. Menntastofnunum landbúnaðarins er heimilt að veita prófgráður skv. 8. gr. í samstarfi við aðra háskóla, innlenda sem erlenda.

1. mgr. 26. gr. orðist svo:

Kennarar við Landbúnaðarháskóla Íslands eru prófessorar, dósentar, lektorar, aðjuntar og stundakennarar.

Við a. (29. gr.) bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Stjórn Hólaskóla samkv. 30. gr. er heimilt að stofna til náms á öðrum sviðum, enda liggi fyrir nauðsynlegar heimildir og fjármögnun sé tryggð.

1. mgr. b.(30. gr.) orðist svo:

Stjórn Hólaskóla er falin háskólaráði og rektor. Háskólaráð markar stefnu í kennslu og rannsóknum og mótar skipulag skólans og rekstur.

F.h. Búfræðsluráðs,



Baldur Erlingsson,  
formaður